

**Nd.**

**419. Nefndarálit**

**[139. mál]**

um frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en nefndarmenn hafa ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. vill vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir nm. leggja til, að það verði samþykkt.

Þeirri reglu er fylgt í skólakerfi landsins að dreifa hinum almennu skólum sem jafnast um byggðir landsins. Með þessu eru æskufólki gerð auðveldari afnot skólanna. Þetta er þýðingarmikið atriði til jafnvægis í menningarmálum byggðarlaganna. Menntastofnun í héraði gefur því aukið líf og aðdráttarafl og verður héraðinu á margan hátt til vaxtar og framfara.

Í tveimur landshlutum, Vestfjörðum og Austurlandi, er enginn menntaskóli. Aðstaða ungmenna til menntaskólanáms í þessum byggðarlögum er því sýnu verri en hinna, sem fyrir löngu hafa fengið menntaskóla í sínum héruðum.

Minni hl. menntmn. vill bæta úr þessu misrétti og telur þess vegna rétt, að frv. þetta um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði verði samþykkt.

Alþingi, 2. apríl 1964.

Sigurvin Einarsson, Óskar Jónsson.  
frsm.